

Nd.

288. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 60, 14. júní 1929, um varnir gegn berklaveiki.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr.

4. málsg. 14. greinar laganna orðist svo:

Allur sá kostnaður, sem hér er talinn, greiðist úr rikissjóði, en sérhvert

sýslufélag og bæjarfélag greiði upp í hann gjald til rikissjóðs, sem nemi 2 kr. fyrir hvern heimilisfastan mann í lögsagnarumdæminu.

2. gr.

15. gr. laganna falli burt og breytist greinatalan samkvæmt því. Jafnframt skal niður falla allur áfallinn en ógreiddur berklavarnaskattur sjúkrasamlaga.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Greinargerð.

Frv. þetta hefir verið sent allsherjarnefnd frá stjórn Sjúkrasamlags Reykjavíkur, en er samið ásamt eftirfarandi greinargerð af skrifstofustjóranum í atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu.

Um 1. gr.

Það virðist ástæðulaust, að sumar sýslur sleppi að meira eða minna leyti við að greiða það 2 kr. gjald á hvern heimilisfastan mann, sem um ræðir í 4. málsg. 14. gr. berklavarnalaganna. Það yrðu einmitt þær sýslur, sem minnstan kostnað og minnstan skaða hafa af berklaveikinni, og er gjaldþol þeirra sízt minna af þeim sökum en þeirra lögsagnarumdæma, þar sem berklaveikin er meiri. En þar sem hér er um almennt þjóðarból að ræða, virðist réttara, að öll lögsagnarumdæmin taki jafnan þátt í útrýmingarstarfseminni að til- tölu við fólksfjölda, enda þótt berklaveikin sé eigi jafnskæð í þeim öllum. Það má taka fram, að það er mjög mikið verk að skipta berklakostnaðinum niður til að finna út hluta hvers lögsagnarumdæmis, og virðist næsta ástæðulaust og óheppilegt að láta það velta á þeirri hendingu, hvar sjúklingarnir dvelja er þeir veikjast, hve mikið framlag lögsagnarumdæmin eiga að greiða til berklavarna. Virðist því allt mæla með því að fella niður þetta endurgreiðsluákvæði.

Um 2. gr.

Sjúkrasamlög eiga fullt í fangi með að standast útgjöld sín, og berjast í bökkum, þó þau þurfi ekki sérstaklega að greiða fyrir þá samlagsmenn, sem veikjast af berklaveiki. Auk þess er sú upphæð, sem þeim ber að greiða, mjög lítil, borin saman við hina miklu fúlgju til berklavarnanna, en fyrir sjúkrasamlögin sjálf alltilfinnanleg. Sjúkrasamlag Reykjavíkur er nú sem stendur í hinum mestu vandræðum og verður að gera aðrar og frekari breytingar á löggjöfinni um sjúkrasamlög, ef það á að geta staðizt. Að öðrum kosti mun þetta þarfa fyrirtæki að öllum líkindum verða að leggjast niður og jafnvel verða gjaldþrota, og mun þó öllum ljóst, hvílikt gagn slíkt sjúkrasamlag vinnur, þar sem það oft mun forða fólki frá að lenda á sveitinni vegna veikinda og á þann hátt vafalaust spara bæði bæjarsjóði og rikissjóði bein fjárframlög til þurfa- linga vegna veikinda þeirra. Þessi burtfelling berklavarnagjalda samlaganna

mundi meðal annars verða til þess að styðja samlögin i áframhaldandi starfsemi þeirra til almenningsheilla. Þá má og taka það fram, að jafnframt því, sem sjúkrasamlögin eiga að greiða til berklavarna eftir nógildandi lögum, eiga hlutaðeigandi sjúkrasamlög og bæjarfélög að greiða sinn hluta samkv. 4. málsg. 14. gr. berklavarnalaganna, og verður þannig mun meira greitt upp í berklavarnakostnað sjúkrasamlagsmanna en annara berklasjúklinga annarsstaðar að en úr rikissjóði, en til þess er engin ástæða.